

GJALDSKRÁ
fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>kr./ílát á ári</i>
<i>nr.</i>		
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 14 daga fresti	11.800
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 14 daga fresti	16.000
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 14 daga fresti	21.300
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 14 daga fresti	26.500
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 14 daga fresti	58.575
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 14 daga fresti	72.875

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>kr./ílát á ári</i>
<i>nr.</i>		
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	8.500
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	11.900
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	23.375
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	32.725

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Tegund íláts og hirða</i>	<i>kr./ílát á ári</i>
<i>nr.</i>		
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	8.400
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	11.800
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	23.100
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá sorphirðubíl á 21 dags fresti	32.450

Nr. 1251

15. desember 2015

Sorpirðugjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við sorpílát, hirðu og förgun sorps.

Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 750 kr./stk.

Merkir pokar fyrir tilfallandi umfram pappírs- eða plastúrgang: 500 kr./stk.

Gjald fyrir aukulosun blandaðs úrgangs: 3.790 kr./ferð auk 570 kr./ilát sem losað er.

Gjald fyrir aukulosun pappírs- eða plastúrgangs: 3.790 kr./ferð auk 570 kr./ilát sem losað er.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 7.980 kr./ibúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva Sorpu bs.

Umsýslugjald vegna breytrar þjónustu, aksturs og skráningar sorpíláta, er 3.100 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 1270/2013.

Borgarstjórin í Reykjavík, 15. desember 2015.

Dagur B. Eggertsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. janúar 2016